



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

93. fundur skóla- og frístundaráðs, 10. feb. 2016, sjá [fundargerð](#)

1. liður

Varðandi kynningu á drögum á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna fagnar drögum að nýrri mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og að meiri áhersla sé nú á réttindi barna en áður. Áheyrnarfulltrúi vill nota þetta tækifæri og leggja áherslu á að fræðslufirvöld komi á sameiginlegum fræðslu- og umræðuvettvangi um þessi mál meðal starfsmanna skóla og frístundar á hverri starfsstöð eða í hverju hverfi. SFS gæti leitað til Umboðsmanns barna sem gæti kynnt barnasáttmálann fyrir starfsfólki og fulltrúi sviðsins gæti sagt frá því hvernig sáttmálinn endurspeglar í bæði nýjum grunnskólalögum og nýrri aðalnámskrá grunnskóla. En ein af athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, sem hefur eftirlit með framkvæmd sáttmálans, til Íslands árið 2011 var að þörf væri á eflingu „á fullnægjandi og skipulegri þjálfun allra faghópa sem starfa í þágu og með börnum, einkum löggæslustarfsmanna, kennara, heilbrigðisstarfsfólks, félagsráðgjafa og starfsfólks í hvers kyns umsjá utan fjölskyldu.